

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, til 194 að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. 16. nóv. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 272 30. desember 1950, um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Sandgerði í Miðneshreppi, nr. 64 21. apríl 1948.

Samgöngumálaráðuneytið, 16. nóvember 1960.

Emil Jónsson.

Brynj. Ingólfsson.

S A M Þ Y K K T

195

10. nóv.

um breyting á samþykkt um sýsluvegasjóð í Norður-Ísafjarðarsýslu,
nr. 12 25. febr. 1960.

1. gr.

2. gr. samþykktarinnar orðist þannig:

Í Sléttuhreppi:

1. Sæbólsvegur frá Sæbóli um Þverdal á Aðalvíkurveg í Hesteyrarskarði.

Í Grunnavíkurhreppi:

2. Nesvegur frá Jökulfjarðavegi hjá Sætúni að Nesi.

Í Snæfjallahreppi:

3. Snæfjallavegur frá Sandeyri að Snæfjöllum.

4. Bryggjuvegur frá Bæjabryggju á Snæfjallastrandarveg.

Í Nauteyrarhreppi:

5. Skjaldfannarvegur frá Ármúla að Skjaldfönn.

6. Laugalandsvegur frá Melgraseyri um Laugaland að Selá gegnt Skjaldfönn.

7. Bakkavegur frá Langadalsárbrú neðri að Fremri-Bakka.

8. Tunguvegur frá Hvannadalsárbrú að Tungu í Dalsmynni.

Í Reykjarfjarðarhreppi:

9. Miðhúsavegur frá Þúfnavegi að Miðhúsum.

10. Heydalsvegur frá Ögurvegi að Galtahrygg og Heydal.

Í Ögurhreppi:

11. Laugadalsvegur frá Ögurvegi að Birnustöðum og Laugabóli.

12. Blámýravegur frá Ögurvegi að Blámýrum.

Í Súðavíkurhreppi:

13. Hattardalsvegur frá Fjarðavegi að Minni- og Meiri-Hattardal.

14. Súðavíkurkaupþúnsvegur í gegnum kaupþúnið milli Þjóðvega.

Í Eyrrarhreppi:

15. Hnífsdalsvegur frá Hnífsdalsbökkum að Fremri-Hnífsdal.

16. Hnífsdalskaupþúnsvegur í gegnum kaupþúnið milli Þjóðvega.

17. Bakkavegur frá Hnífsdalsbökkum að Bakka.

18. Hraunsvegur frá Heimabæ að Hrauni.

195 *Í Hólshreppi:*

10. nóv. 19. Skálavíkurvegur frá Bolungavík að Holtabru í Skálavík.
 20. Syðridalsvegur frá Bolungavíkurvegi að Gili.
 21. Bolungavíkarkauptúnsvegur milli Skálavíkurvegar og Þjóðvegarins.

Sýsluvegur nær ekki nema að heimatúni býlis. Þetta gildir þó ekki, þar sem sýsluvegur liggur gegnum tón jarðar eða býlis.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu hefur samið og samþykkt, samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði, sbr. lög nr. 50 17. maí 1947 og lög nr. 37 23. maí 1959, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 10. nóvember 1960.

Ingólfur Jónsson.

Brynj. Ingólfsson.

196

16. nóv.

REGLUGERÐ

**um breyting á hafnarreglugerð fyrir Seyðisfjarðarkaupstað,
 nr. 18 30. jan. 1948, sbr. reglugerð nr. 40 11. febr. 1952.**

1. gr.

1. mgr. 21. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Hvert skip, sem leggst við bólvirki eða bryggju á höfninni, skal greiða bryggjulgjald af nettóstærð skipsins, talið í heilum smálestum, en brotum skal sleppa. Gjaldið skal greiða fyrir hvern sólarhring eða hluta af sólarhring, 40 aura af hverri smálest, þó ekki minna í hvert skipti en 40 krónur fyrir skip minni en 70 smálesta og 80 krónur fyrir stærri skip.

2. gr.

Á eftir 11. flokki A-liðs vörugjaldskrár, í 25. gr. reglugerðarinnar, komi nýr liður, svo hljóðandi:

12. flokkur. Gjald 50 aurar af hverju máli eða tunnu landaðrar sildar.

3. gr.

Á eftir 2. mgr. 28. gr. reglugerðarinnar komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Kaupandi sildar, sem landað er á hafnarsvæðinu, skal innheimta vörugjald samkv. 12. fl. A-liðs 25. gr., gefa skipstjóra kvittun fyrir vörugjaldinu f. h. hafnarsjóðs og standa skil á því til hafnarsjóðs.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og landingarbætur, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 16. nóvember 1960.

Emil Jónsson.

Brynj. Ingólfsson.